Námsáætlun

Kennari:	**Brynja Valdís Gísladóttir**
Áfangi/fag:	**TJÁN1AL01**

Stutt lýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla tjáningarfærni, sjálfstraust og öryggi nemenda í samskiptum og framkomu. Nemendur þjálfast í að standa frammi fyrir öðrum, koma skoðunum sínum á framfæri, hlusta af athygli og tjá sig á skýran og sannfærandi hátt. Unnið er með líkamsbeitingu, rödd og orð, undirbúning fyrir atvinnuviðtöl og ræðuflutning ásamt jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum.

Jafnframt er fjallað um hugrekki, persónulega styrkleika, heilbrigð mörk og hindranir á borð við sjálfsgagnrýni og fullkomnunarárattu. Með fræðslu, umræðum og verklegum æfingum eru nemendur hvattir til að stíga út fyrir þægindahringinn, hugsa á eigin fótum, þora að gera mistök og takast á við áskoranir með opnum hug.

Undanfari: LEIK1SS01 og LEIK1HE01

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi skýrrar tjáningar, virkrar hlustunar og jákvæðra samskipta.
- Samspili líkama, raddar og orða í öruggri framkomu.
- Undirbúningi fyrir ræðuflutning, atvinnuviðtöl og aðrar tjáningaraðstæður.
- Mikilvægi sjálfstrausts, hugrekkis, eigin styrkleika og heilbrigðra marka.
- Áhrifum sjálfsgagnrýni, samanburðar, fullkomnunarárattu og frestunarárattu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að**:**

- Tjá skoðanir sínar af öryggi og einlægni frammi fyrir öðrum.
- Beita líkama, rödd og orðum í tjáningu og framkomu.
- Undirbúa og æfa ræðuflutning, atvinnuviðtöl og aðrar tjáningaraðstæður.
- Hlusta af athygli, eiga jákvæð samskipti og vinna sjálfstætt og með öðrum.
- Nýta ímyndunarafl, þekkja eigin styrkleika og tjá sig án óhóflegrar sjálfsgagnrýni.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Sýna frumkvæði og öryggi í framkomu og samskiptum.
- Tjá eigin skoðanir, standa með sjálfum sér og setja heilbrigð mörk.
- Sýna hugrekki, jákvæðni og virðingu og takast á við áskoranir með opnum hug.
- Nýta eigin styrkleika, sjálfstæða hugsun og tjáningarfærni í daglegu lífi, námi og starfi.

Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Nemendur fá öll kennslugögn í Hringsjá frítt. Glærur, verkefnamiðar, skriffæri, blöð, ljósritað efni frá kennara, myndbönd og vefsíður, ásamt öðru námsefni sem kennari deilir með nemendum.

Námsmat

Námsmatið byggir á mætingu og virkni í tímum. Til að fá áfangann metin til eininga þarf nemandi að uppfylla 80% mætingaprósentu.